



# Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Haust 2011

Félag kvenna í fræðslustörfum  
á Íslandi

## Frá ritnefnd



Nú lítur dagsins ljós fyrsta fréttabréf nýrrar samskipta- og útgáfunefndar Delta Kappa Gamma. Við erum fimm konur í nefndinni og komum þrjár úr Þetadeild á Suðurnesjum, ein úr Gammadeild í Reykjavík og ein úr Deltadeild á Vesturlandi. Vegna þess hve dreifðar við erum höfum við nýtt okkur tæknina, tölvupóst og „fésbókar“síðu til að halda fundi, því allar erum við konur uppteknar í fræðslustörfum. Frá fyrri ritnefnd fengum við góðan og aðgengilegan arf og þökkum henni kærlega fyrir hann. Við höfum líka átt gott samstarf við Sigríði Rögnu, landssambandsforseta, og þökkum henni fyrir innlegg hennar og veittan stuðning. Fréttabréfið verður birt á heimasíðu félagsins en jafnframt prentað út og sent í bréfpósti.

Í þessu fréttabréfi birtast fréttir af starfinu úr nokkrum deildum og vonumst við til að geta birt fréttir úr öllum deildum í vorfréttabréfinu. Það er alltaf jafn spennandi að sjá hve deildirnar skipuleggja starf sitt á fjölbreyttan hátt miðað við aðstæður á hverjum stað. Í fréttabréfinu minnumst við okkar kæru Sigríðar Valgeirs. Hún birtist okkur ljóslifandi í hugskotssjónum þar sem hún er að kenna okkur að dansa *Siggj var úti* á Landssambandsþinginu í Reykjanesbæ, síðastliðið vor. Það er skemmtilegt að lesa ferðapistil Sveindísar frá Baden Baden í sumar og ylja sér við myndirnar. Við skyggnumst svo inn í heim endur-og símenntunar með Guðjónínu Sæmundsdóttur og fáum gleðifrétt af Alþjóðlegri tungumálamiðstöð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Við hvetjum konur í öllum deildum Delta Kappa Gamma að vera vakandi fyrir áhugaverðu starfi kvenna í deildunum og koma ábendingum til okkar í ritnefndinni. Veitum því eftirtekt sem konur í fræðslustörfum eru að vinna að í sínu daglega starfi. Að lokum óskum við félagskonum og fjölskyldum þeirra, gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Með bestu kveðju frá samskipta- og ritnefnd en hana skipa: Björk Einisdóttir, Elín Rut Ólafsdóttir, Helga Gunnarsdóttir, Lára Guðmundsdóttir og Þorbjörg Garðarsdóttir

# Embracing Our Vision Designing Our Future

## Frá orðum til athafna

### Bréf frá forseta landssambandsins.

Tveggja ára starfstímabil forseta landssambands DKG hefst þann 1. júlí á oddatöluári. Nýr forseti og stjórn eru kjörin á Landssambandsþingi að vori sama ár. Það er því smá aðlögunar og undirbúningstími ætlaður nýjum forseta og nýrri stjórn hverju sinni. Starfið byggir á mikilli vinnu og reynslu hæfileikaríkra kvenna sem á undan hafa lagt sál sína og metnað í félagsstarfið. Landssambandsstjórn hverju sinni tekur við góðu búi og leggur metnað sinn í að bæta enn meiru við. Síðasta stjórn stofnaði tvær nýjar deildir Mý- og Lamdadeildir, núverandi stjórn vill styrkja innra starf deildanna á margvíslegan hátt.

Ég hef átt mikið og gott samstarf við Ingibjörgu Jónasdóttur fyrrverandi forseta landssambandsins. Fyrst ég minnst á hana get ég ekki gengið fram hjá tveimur mætum konum, þekktum úr alþjóðaumhverfi okkar, en það eru þær Sigrún Klara Hannesdóttir sem gegnt hefur mörgum ábyrgðarstörfum fyrir alþjóðasamtökin, og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir sem einnig hefur starfað í Bandaríkjunum fyrir DKG. Þær eru í Alfadeild og eru stofnfélagar DKG á Íslandi. Þær hafa báðar verið forsetar landssambandsins hér á landi. Mig langar að þakka þeim sérstaklega fyrir ómetanlega hjálp, ekki síst varðandi erlend samskipti. Starf forseta byggist mikið á samstarfi við höfuðstöðvarnar í Austin og eins og allir formenn vita er heilmikil skrifinnenska og skýrslugerðir í þeim samskiptum, og öll þau samskipti verða að vera í lagi. Með nútíma tækni ganga þau þó hraðar og betur en fyrir daga tölvunnar.

### Frá orðum til athafna.

Ný stjórn hefur í huga að fylgja þessum orðum eftir. Á framkvæmdaráðsfundinum sem haldinn var í Þjóðmenningarhúsinu 3. september síðastliðinn var kynnt framkvæmdaáætlun stjórnar landssambandsins til næstu tveggja ára. Stjórn framkvæmdaráðsins bætti síðan við fleiri afbrigðis hugmyndum sem deildir geta haft til hlíðsjónar í störfum sínum. Framkvæmdaáætlunina má nálgast á netsíðu okkar. Ég tek fram, að hver einstök deild starfar sjálfstætt undir formerkjum DKG, allt starf DKG byggir á sterkum deildum, sterku grasrótastarfi, því má aldrei gleyma. Verið því frjóar í starfsemi.

Við ætlum ekki að stofna fleiri deildir, heldur styrkja og efla innra starf okkar á meðal. Það gerum við með því að vera sýnilegar á netsíðunni. Innan allra deilda eru netvæddar konur sem kunna á tæknina, nýtum þær í starfið.

Netsíðan er okkar tengiliður, þar getum við skoðað t.d. fundartíma, myndir frá fundum, fengið góðar hugmyndir og fleira.

### **Netsamband og netfundir:**

Stjórnin vill einnig vera í góðu netsambandi við deildirnar, og þess vegna viljum við gjarnan koma á netfundi með ykkur, ef þið óskið eftir því. Það þarf ekki að vera heill fundur, allt eftir óskum hvernar deildar. Í því sambandi langar mig að upplýsa um hina tæknivæddu stjórn. Fundi stjórnar landsambandsins og fundi í Alfa deild bar upp á sama dag og sama tíma. Formanni Alfa deildar Mörtu Guðjónsdóttur datt í hug að við gætum verið í netsambandi. Það tókst afbragsvel að nota tæknina, og við fylgdumst með setningu fundarins og þegar kveikt var á kertum.



Þetta er nýjung sem við höfðum sett sem eitt af okkar markmiðum, markmið sem stuðlar að meiri tengslum milli landssambandsstjórnarinnar og deildanna og verður vondandi til þess að deildirnar taki upp samstarf og spjalli saman á netinu. Á þennan hátt vonumst við til að styrkja og efla innra starf Delta-Kappa-Gamma á Íslandi.

### **Starfið frá 1. júlí.**

**Evrópuþingið** var að þessu sinni haldið í Baden-Baden í Þýskalandi 3. – 6. ágúst. Frá Íslandi sóttu 18 konur þingið, sem var meiri fjöldi en nokkru sinni fyrr. Tvær íslenskar DKG konur voru meðal aðalræðumanna á þinginu, þær Brynhildur Anna Ragnarsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir. Það er einstök

upplifun að hitta slíkan hóp eins og DKG konur eru. Glæsilegar konur víðs vegar að úr heiminum sem allar starfa af miklum áhuga undir formerkjum alþjóðasamtakanna. Hér í fréttabréfinu verður náðar fjallað um Evrópuþingið í Baden-Baden.

**Framkvæmdaráðsfundurinn** var haldinn 3. september í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík. Mjög ánægjulegt var, hversu vel hann var sóttur. Fyrir hádegi voru venjuleg aðalfundarstörf og eftir hádegið bættust í hópinn formenn nefnda innlendra og erlendra. Formenn erlendu nefndanna kynntu starfsemi þeirra og mikilvægi þess að vera þátttakendur í alþjóðasamstarfinu. Því verður aldrei of oft haldið á lofti. Fundargerð fundarins má lesa á netsíðu okkar.

**Vorþingið** verður haldið í Reykjavík, laugardaginn 29. apríl næstkomandi í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu, eins og ákveðið var í vor á aðalfundi landssambandsins í Keflavík. Dagskráin verður auglýst þegar nær dregur. Ég hvet allar DKG konur að fjölmenna og setja dagsetninguna inn í dagbókina.

**Alþjóðaráðstefnan verður í New York City 24. – 28. júlí.** Þangað væri gaman að fjölmenna. Þátttaka í alþjóðaráðstefnum gefur okkur tækifæri til að kynnst DKG konum alls staðar að úr heiminum. Staðreyndin er sú, að þær konur sem hafa farið á ráðstefnur erlendis reyna eftir fremsta megni að endurtaka það. Þar gefast tækifærin, fyrir utan að New York borg er engu lík. Merkið dagsetninguna og reynum allt sem við getum til að fjölmenna þangað, byrjum strax að undirbúa. Bókanir hefjast 1. desember á netsíðu alþjóðasamtakanna.

Allar nefndir eru fullskipaðar og farnar að starfa. Á netsíðu okkar má finna netföng formanna nefnda og nefndarkonur.

**Erlendar fastanefndir:** Nú er komið að ykkur ágætu DKG konur að drífa ykkur í erlendar nefndir. Við þurfum að ganga frá umsóknum í febrúar.

Um 15 nefndir er að ræða. Síðasta kjörtímabil hafa 6 íslenskar konur átt sæti í erlendum nefndum. Tilnefningar þurfa að berst til mín í janúar. Kíkið á vefinn og drífið ykkur í spennandi nefndarstörf. Hafið samband við mig, [siggaragna@gmail.com](mailto:siggaragna@gmail.com).

Styrkir: Skoðið netið til að kanna styrkveitingar, international scholarships, þarf að sækja um fyrir 1. febrúar.

**Önnur mál:**

Ég var boðin á fund hjá Kappa deild í byrjun vetrar í Nauthól í Nauthólsvík. Það

var mjög góður fundur, þar sem 7 konur voru teknar inn í deildina. Brynja Þorgeirsdóttir fréttakona hjá RÚV var ræðumaður kvöldsins og kynnti starf sitt, skemmtilegt að hlusta á. Mjög góður fundur hjá Kappa deild og þeim til mikils sóma.

Ný landssambandsstjórn vill vera í góðu sambandi við allar deildir og fyrir okkar hönd bið ég DKG-konur að hafa samband, senda okkur línu og láta okkur heyra frá deildunum. Stjórnin heldur fundi mánaðarlega.

Orð til umhugsunar. Munið að ekki erum við allar tölvuvæddar, innan um eru konur sem hafa ekki áhuga á tækninni, þeim megum við ekki gleyma. Virðum þeirra sjónarmið og miðlum til þeirra öllum upplýsingum sem við látum annars renna svo hugsunarlaust í gegnum netmiðlana okkar. Engin DKG kona má vera útundan.

Með góðum óskum um gleðilega jólahátíð og farsæld og frið á nýju ári til ykkar allra.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir, forseti landssambandsins .

## Ferðin til Baden Baden



Ferðalangar í Frankfurt á leið til Baden



Falleg strætín í Baden

Í mínum huga mun ég án efa minnst ársins sem er að líða sem ferðaársins mikla. Einn af áfangastöðum mínum á árinu var Baden-Baden í Þýskalandi. Þar dvaldi ég í yndislegu umhverfi í félagsskap **DKG** og tók þátt í Evrópuþingi sem haldið var þar dagana 3.-6.ágúst. Það að fá tækifæri til að ferðast með hressum konum, kynnast nýjungum í kennslu - og menningarstraumum var svo sannarlega tilhlökkunarefni og ærin ástæða til að leggja upp í þessa ferð. Þá var spennandi að fá að kynnast

félagsskapnum **Delta Kappa Gamma** betur og fræðast um tilgang hans og markmið. Ein meginástæðan fyrir Þýskalandsför minni var þó einfaldlega sú merkilega staðreynd að gamli þýskukennarinn úr Holtaskóla skyldi aldrei hafa stigið fæti sínum á þýska grund, það gerði útslagið. „Hier komme Ich endlich liebe Deutschland“ muldraði ég með sjálfri mér, þegar ég steig loks upp í flugvél í mína fyrstu ferð til Þýskalands.



***Sveindís og Sigrún Klara í góðra kvenna***

Það var gaman að kynna ferðafélögunum, einni af annarri en ég var eini þátttakandinn úr þetadeild af Suðurnesjum og þekkti lítið til hinna áður en lagt var í hann þennan fagra ágústmorgun. Ferðin sóttist okkur vel, þrátt fyrir nokkuð strembið lestarferðalag í yfirbókaðri lestinni frá Frankfurt suður til Baden. Þarna voru saman komnar

konur á öllum aldri og úr ólíkum starfsgreinum, þótt allar ættum við það sameiginlegt að sinna eða hafa sinnt fræðslustörfum á einn eða annan hátt. Það var einhver óútskýranleg gleði í lofti sem gaf fyrirheit um að þessi ferð yrði einstök.

Veðrið var sérstaklega fallett og borgin Baden Baden skartaði sínu fegursta fyrir okkur þegar við keyrðum í gegnum hana síðdegis á leið okkar í skólann Südbadische Sportschule Steinbach, þar sem þingið var haldið í útjaðri borgarinnar. Nokkrar úr hópnunum, sem meiri ábyrgð báru á undirbúningi og umgjörð þingsins, höfðu lagt í hann deginum áður og þar í hópi var m.a. herbergisfélagi minn Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, sem tók mér bláókunnugri konunni fagnandi.



**Ingibjörg E. og Ingibjörg J.**

Flestar íslensku konurnar í hópnunum voru komnar þann 1. ágúst til Baden og náðum við því að taka þátt í svokallaðri Pre-conference European Forum þann 2. ágúst, þar sem mikil áhersla var lögð á læsi í hinum víðasta skilningi, s.s. talnalæsi, lestrarörðugleika og mismunandi aðferðir sem áhrif hafa til lestrarhvatningar. Stóra upplestrarkeppnin á Íslandi fékk þar veglegan sess í kynningu þeirra Ingibjargar Einarasdóttur og Ingibjargar Jónasdóttur.

Í erindinu: “The big reading contest—A success story from Iceland.” Þar

gerðu þær nöfnur á skilmerkilegan hátt grein fyrir mikilvægi þessarar vinsælu og umfangsmiklu keppni sem hefur haft djúpstæð áhrif til lestarhvatningar á Íslandi. Þennan dag mátti fræðast um mismunandi aðferðir og úrræði til að glæða skólastarfið lífi og auðga það með sköpunargleði sem á einn eða annan hátt var rauði þráðurinn í gegnum allt þingið. Þann 3. ágúst var síðan glæsileg opnunaráttíð og þann dag höfðu hinar mismunandi deildir innan DKG komið svokölluðu Info-Fair, eða upplýsingabásu, upp í anddyri og á göngum skólans. Formenn og meðlimir hinna ýmsu nefnda voru til staðar til að upplýsa þingheim um það nýjasta í starfseminni. Þá voru ótal vinnustofur



***DKG konur saman komnar á einum af litlu fallegu veitingastöðum staðarins.***

(workshops) að störfum, þar sem hægt var að kafa nánar í hin ýmsu málefni. Meðal þeirra málefna sem ég tók þátt í voru umræður um megin áherslur í menntastefnu DKG, sem snúast einkum um tvennt, þ.e. að styðja við skólastarf í Afríku og að styðja við kennara sem eru að hefja kennslu. Miklar umræður urðu um þetta tvennt á þinginu og lögð var rík áhersla á að finna leiðir til að styðja við bakið á þeim sem eru að hefja kennsluferil

sinn.

Það sem einkenndi þingið í Baden Baden var að mínu mati sköpun og tjáning. Í upphafi hvers dags var kynntur til sögunnar listamaður sem ýmist sjálfur kynnti listsköpun sína eða var kynntur af öðrum. Þetta var hátíðleg stund sem kom okkur í gírinn fyrir daginn og gerði okkur meðvitaðar um það hversu mikilvæg listsköpun og fagurfræði er í okkar daglega lífi. Að fá að upplifa á hverjum degi mikilvægi sköpunargáfu okkar vekur okkur til umhugsunar um hvað einmitt sú gáfa ýtir undir margt sem fyllir okkur lífsgleði og gefur lífinu tilgang. Í félagsskap sem Delta Kappa Gamma eru markmiðin skýr. Áherslan er á fræðslu og opna umræðu sem leiðir okkur til betra lífs án fordóma og þröngsýni.



***Á leið til bæjarstjórans í Baden.***



Á lokadegi ráðstefnunnar hélt Sigrún Jóhannesdóttir m.a. fyrirlestur sem bar yfirskriftina “Looking back and ahead.“ Þar fór Sigrún yfir hlutverk og tilgang DKG á einstaklega faglegan hátt og benti hún á þá staðreynd að félagsskapur sem þessi þurfi að skoða vel hver tilgangur hans er og hvort hann sé að svara kalli tímans. Þetta voru auðvitað stórar spurningar sem ekki fengust svör við en þó sköpuðust um þær góðar umræður sem eflaust koma til með að velkjast áfram í hugum þeirra sem á erindið hlýddu.



*Sumartónleikar utandyra í Baden*

Hér kom Sigrún með góðar og gagnlegar athugasemdir sem ber að skoða og að mínu mati má heimfæra yfir á svo margt í lífi okkar og tilveru, því tímarnir breytast og mennirnir með og nauðsynlegt er að það gerist í sátt og að sem flestir setji mark sitt á þá þróun.

Þrátt fyrir mikið þinghald tókst okkur að komast yfir ýmislegt annað en fundahöld svo sem að þiggja boð borgarstjórans í Baden Baden sem tók á móti okkur í miðbænum á sólríkum degi í hálfopnum húsakynnum sem hentuðu einkar vel til slíkrar uppákomu.

Eftir það gengum við um bæinn og vorum svo heppnar að lenda á yndislegum tónleikum sem haldnir voru undir berum himni. Þetta kvöld var síðan hátíðarkvöldverður í miðbænum, þar sem við nutum ljúffengs matar og góðrar tónlistar í góðum félagsskap. Einn eftirmiðdaginn var haldið til Strassburgar til að skoða höfuðstöðvar Evrópuráðsins. Rínardalurinn grænn og grösugur var ekinn þvert og endilangt og fallegar sveitir skoðaðar. Náðum við meira að segja að kaupa heimagert hvítvín síðasta daginn en í okkar nánasta umhverfi var vínberjaræktin nánast við hlaðið. Það var ekki amalegt að kaupa sultur og vín beint frá býli. Það kom okkur líka á óvart hversu margir litlir skemmtilegir veitingastaðir voru á víð og dreif um úthverfið og persónuleg liðlegheit eins og



*Hefðarfrúr í boði bæjarstjórans í Baden*

heimakstur fyrir hefðardömur þótti sjálfstöð þjónusta.

Það sem situr þó fyrst og fremst eftir í huga mínum eftir þessa skemmtilegu ferð til Baden er þakklæti fyrir að fá þetta tækifæri til að kynna öllum þessum frábæru konum. Mér fannst einstaklega gaman að kynna konum sem komnar voru um og yfir átrætt og eru enn svo ótrúlega frískar og frumlegar í hugsun.

Svona fyrirmyndir eru manni mikilvægar og hvetja mann til dáða. Aldursforsetinn í hópnun fór t.d. ekki með okkur heim heldur hélt á vit ævintýrana í heimsókn til vinkonu sinnar sem býr (að ég held ) í Sviss.

Ég frétti síðan af henni eftir heimkomu og að ferðin hafi verið henni einstaklega ánægjuleg. Það sama get ég svo sannarlega sagt um ferð mína til Baden Baden. Með bestu kveðju til ferðafélaga minna og heimboðið til Keflavíkur stendur stelpur!

Sveindís Valdimarsdóttir - Þetadeild



## Fullorðinsfræðsla fatlaðra á Suðurnesjum



Guðjónína

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) er sjálfseignarstofnun sem tók til starfa árið 1998. Markmið MSS er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar.

MSS hefur sinnt þessu hlutverki með ágætum. Hins vegar eru einstaklingar sem hafa orðið útundan í annars fjölbreyttu úrvali stofnunarinnar en það er fatlað fólk því fram að þessu hefur vantað námskeið og önnur úrræði fyrir þennan hóp. Sú ánægjulega þróun varð árið 2008 að MSS gerði samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fatlað fólk 20 ára og eldri á Suðurnesjum. Í allri stefnumótun Fjölmenntar er lögð rík áhersla á að fatlað fólk geti stundað símenntun til jafns við aðra þegna samfélagsins og hjá sömu aðilum og veita fullorðnu fólki símenntun.

Sæmundsdóttir

MSS fór í samstarf við m.a. Björgina, geðrækarmiðstöð Suðurnesja og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi og nú sveitarfélögin á svæðinu, um námskeið fyrir þeirra skjólstæðinga. Fjöldmörg námskeið hafa verið í boði s.s. tölvunámskeið, matreiðslunámskeið, skapandi starf og margt fleira.

Það var vilji okkar í MSS að taka skrefið lengra í menntun fyrir fatlað fólk á okkar svæði. Fannst okkur að auka þyrfti vægi fatlaðs fólks á vinnumarkaðnum og kynna atvinnurekendum „nýtt“ vinnuafli. Ákveðið var að sækja um styrk til Þróunarsjóðs framhaldsfræðslunnar í verkefni sem eru fjórar annir sem er þéttara nám en við höfum áður boðið fyrir hópinn og felst í bóklegu og starfstengdu námi samtals 320 kennslustundir. Námið hófst haustið 2011 og mun ljúka vorið 2013.

Eftirtalin fög verða kennd:

### Önn 1.

Líkamsbeiting við ýmis störf, umönnun, herbergisþerna/þjónn, almenn þjónustustörf, vinna með börnum.

Samskipti, á vinnustað, í þjónustu og t.d. við aðstandendur.

**Önn 2.**

Heilbrigður lífsstíll, næring, snyrtimennska hreyfing. Sjálfsefling.

**Önn 3.**

Vinnustaðurinn og verkalýðsfélög, vinnustaðamenning, réttindi og skyldur á vinnumarkaði, vinnusiðferði. Tölvukennsla

**Önn 4.**

Starfstengt nám, nám sem fram fer á vinnustöðum. Með því að skipuleggja tveggja ára nám með áherslu á starfsnám getum við aukið möguleika fatlaðs fólks á að vera fullir þátttakendur í okkar samfélagi.

Markmið með náminu er að efla fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks. Að gefa fötluðum einstaklingum tækifæri jafnt á við aðra að stunda nám sem skapar þeim meiri möguleika til þátttöku á almennum vinnumarkaði, þannig að þau geti verið að fullu þátttakendur í samfélagi fyrir alla.

Í réttlátu samfélagi er mikilvægt að menntun sé fyrir alla óháð stöðu, kyni eða fötlun. Það skiptir máli að aðlaga menntun að hópnum hverju sinni með það að markmiði að ná því besta fram hjá hverjum og einum. Með þessu framboði okkar lítum við svo á að við séum að stíga skref í átt að réttlátara samfélagi fyrir alla þegar kemur að menntun.

Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður  
Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, félagi í Þeta deild



## UNESCO vottar tungumálamiðstöð SVF

Á myndinni eru: Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands.

Alþjóðleg tungumálamiðstöð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands hefur fengið samþykki Menningamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, til að starfa

undir formerkjum hennar. Í vottun UNESCO felst mikil viðurkenning á störfum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og stuðningur við framtíðaráform hennar. Efnt verður til samkeppni um hönnun byggingar fyrir tungumálamiðstöðina og aðra starfsemi stofnunarinnar og er stefnt að því að hún verði tekin í notkun árið 2014.

Við afgreiðslu málsins var meðal annars litið til þess að Íslendingar gera sér almennt vel grein fyrir mikilvægi tungumálakunnáttu og menningarlegu gildi tungumála, að þýðingar á erlendum bókmenntum hafa lengi verið iðkaðar og auðgað bæði íslenska tungu og menningu þjóðarinnar, að íslensk tunga skipar veglegan sess í menningu Íslendinga og síðast en ekki síst að Vigdís Finnbogadóttir hefur vakið athygli víða um heim fyrir baráttu sína og merkt framlag í þágu tungumála og menningar mannkyns.



Hús Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur mun setja svip sinn á Reykjavíkurborg og háskólasvæðið. Alþjóðlega tungumálamiðstöðin verður opin gestum og gangandi en áhersla verður lögð á að glæða áhuga barna og unglunga á tungumálum og framandi menningarheimum.

Byggingin mun stórbæta aðstöðu til rannsókna og kennslu í erlendum tungumálum auk aðstöðu fyrir alþjóðlegt samstarf. Þá mun viðurkenning UNESCO verða lyftistöng fyrir alla þá starfsemi sem fram fer í hinni nýju byggingu. Gera má ráð fyrir að með henni skapist tækifæri til nýsköpunar, ekki síst í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu.

Vigdís Finnbogadóttir er heiðursfélagi í Delta Kappa Gamma. Hún er í Alfa deild og gekk í félagið 1981

Sjá nánar: [http://www.hi.is/hugvisindasvid\\_deildir/deild\\_erlendra\\_tungumala\\_bokmennta\\_og\\_malvisinda/tvofold\\_utgafa\\_af\\_ritinu](http://www.hi.is/hugvisindasvid_deildir/deild_erlendra_tungumala_bokmennta_og_malvisinda/tvofold_utgafa_af_ritinu)

## A $\alpha$ Alfadeild

Vetrarstarfið í Alfadeild fór vel af stað með fundi í byrjun október í Gerðubergi þar sem við fengum kynningu á bókmenntaborginni en Reykjavíkurborg hefur verið útnefnd ein af bókmenntaborgum UNESCO. Tilkynning þess efnis barst borgarstjóra og Menningar- og ferðamálasviði borgarinnar þann 4. ágúst 2011. Í útnefningunni segir meðal annars að Reykjavík státi af framúrskarandi bókmenntahefð í formi ómetanlegra miðaldabókmennta sem varðveittar eru í borginni og eru Íslendingasögurnar, Eddukvæði og Íslendingabók nefnd sérstaklega. Þá segir að þessi rótgróna hefð sýni sig í varðveislu, miðlun, bókmenntakennslu og kynningu bókmennta í dag. Einnig er tekið til þess að svo fámezz borg sinni bókmenntum af svo miklum krafti sem raun ber vitni, með þátttöku og samvinnu ólíkra aðila sem koma að bókmenningu og miðlun bókmennta, svo sem útgefenda, bókasafna og rithöfunda.

Annar fundurinn var svo haldinn í Vesturgarði í byrjun nóvember þar sem Sigríður Snævarr kynnti verkefni sem hún hefur unnið að sem heitir Nýttu kraftinn ásamt Maríu Björk Óskarsdóttur viðskiptafræðingi en þær mótuðu saman hugmyndafræði NÝTTU KRAFTINN haustið 2008 sem miðar að því að hvetja atvinnulausa einstaklinga að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Nú hafa hátt í 600 manns tekið þátt og er almennt um 75% endurráðningarlutfall í hverjum hópi sem er frábær árangur þátttakendanna. Þessi fundur var dálítið sérstakur að því leyti að um var að ræða netfund þar sem landssambandsstjórnin tók þátt í fundinum með okkur í gegnum netið eins og sjá má af meðfylgjandi mynd.

Jólafundinn héldum við svo sameiginlegan með Etadeild og Þetadeild í Þjóðmenningarhúsinu þann 3. desember. Sérstakur gestur fundarins var frú Vigdís Finnbogadóttir sem var með orð til umhugsunar, Herdís Egilsdóttir kynnti bók sína Sólarmegin ásamt því að sjá um undirspil við jólalögin og Sigríður Ragna Sigurðardóttir, landssambands forseti ávarpaði fundinn í lokin. Fundurinn var fjölmennur og samkvæmt hefð var borið fram hangikjöt með tilheyrandi meðlæti.



# Γγ Gammadeild

## Fréttir úr Gammadeild haustið 2011

Gammadeild DKG, sem skipuð er 37 konum, hefur starfað frá árinu 1972. Stjórn Gamma-deildar skipa nú: Kristín Jónsdóttir formaður, Helga Halldórsdóttir varaformaður, Gerður G. Óskarsdóttir ritari, Kristjana Stefánsdóttir meðstjórnandi og Árný Elíasdóttir gjaldkeri.

Gammasystur hittast einu sinni í mánuði yfir veturinn, almennt kl. 19.30 á heimili einhvers félaganna. Í upphafi funda flytur ein okkar alla jafnan orð til umhugsunar.

Dagskrá vetrarins 2011-2012 byggir, eins og í fyrravetur, á sjöunda markmiði samtakanna sem er: „Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntámálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.“ Ákveðið var að vinna úr þeim mikla efniviði sem gestir deildu með okkur í fyrravetur á fyrsta fundi vetrarins sem haldinn var í september. Fundarkonur skipust í umræðuhópa sem fjölluðu meðal annars um konur og völd, stöðu kynjanna og hvort kvennasamstaða skipti máli. Umræðuefnum hópanna fylgdu tilvitnanir í gesti okkar frá í fyrra, þær Valgerði Bjarnadóttur, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Rögnu Árnadóttur og Steinunni Guðbjartsdóttur, sem ræddu við okkur um ESB, konur og stjórnámál, gildru feðraveldisins, reynslu ráðherra og slitastjórn banka. Fjörugar umræður spunnust í hópunum og var góður rómur gerður að þessum dagskrárlíð.



Á Gamma-fundi í október var umræðuefnið konur og atvinnulíf og gestur okkar Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, formaður Samtaka verslunar og þjónustu og fyrrverandi formaður Félags kvenna í atvinnurekstri. Á nóvemberfundinum voru konur og stjórnslásla til umræðu og gestur fundarins Helga Jónsdóttir, ráðuneytisstjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, fyrrverandi borgarriti í Reykjavík og bæjarstjóri í Fjarðabyggð.

Á dagskrá vorannar 2012 höldum við áfram að fræðast um og ræða það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórn-  
málum og menntamálum og fáum til okkar góða gesti.

Í desember 2011,

Gerður G. Óskarsdóttir, ritari



## Δδ Deltadeild

Vetrarstarf Deltadeildar hófst með stjórnarfundum 6. september 2011, þar sem starf vetrarins var skipulagt. Yfirmarkmið vetrarins **Frá orði til athafna**, eins og framkvæmdaráðið mæltist til um á framkvæmdaráðsfundinum í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík 3. september 2011. Á stjórnarfundinum var ákveðið að fyrsti fundur vetrarins yrði að Hellnum Snæfellsnesi, þriðjudaginn 20. september. Annar fundur var áætlaður á Akranesi í síðustu viku októbermánaðar og ákveðið var að bjóða Etadeild á fundinn og fá Jóhönnu Karlsdóttur Delta konu til að segja okkur frá rannsóknum sínum. Þriðji fundurinn er svo jólafundurinn sem við áætluðum að halda í Reykholti eins og undanfarin ár og fá Óskar Guðmundsson rithöfund á fundinn og segja okkur frá nýrri bók sinni Brautryðjandanum. Fjórði fundurinn er svo áætlaður í Borgarnesi, 23. janúar. Þá ætlum við að spjalla um jólabækurnar. Fimmti fundurinn verður svo Reykjavíkurfundurinn, þar sem við stefnum á að heimsækja Hörpuna nýja tónlistarhúsið, fá leiðsögn um húsið o.fl.

Lokafund starfsársins, sem jafnframt er aðalfundur, stefnum við á, að halda í Búðardal í lok apríl. Það var mikil vinátta og hlýhugur á fyrstu fundum Delta deildar, eins og reyndar á öllum fundum okkar. Við komum alltaf fullar af bjartsýni og gleði af fundunum og hlökkum strax til næsta fundar. Orð til umhugsunar eru alltaf á sínum stað og alltaf jafn skemmtilegt að hlusta á þessar fjölbæfu og skemmtilegu konur.

Happdrættið okkar er alltaf á sínum stað og gefur það deildinni smá pening.

Stjórn Delta deildar 2011-2012 skipa:

Elísabet Jóhannesdóttir formaður

Þórunn Reykdal varaformaður

Halldóra Jónsdóttir ritari

Theodóra Þorsteinsdóttir meðstjórnandi

Jensína Valdimarsdóttir gjaldkeri.



# Eε Epsilondeild



## Epsilondeild

Á fyrsta stjórnarfundum nýs starfsárs var ákveðið að þemað í vetur verði Leggjum rækt við okkur sjálfar. Við teljum að við verðum að huga að eigin heilsu og velferð ef við ætlum að geta gefið af okkur.

Fyrsti fundur vetrarins var í októberbyrjun og var mæting mjög góð. Þar héldu Elinborg Sigurðardóttir og Guðrún Þóranna Jónsdóttir erindi og má með sanni segja að þær hafi ræktað sinn anda þegar þær fóru á Evrópuþingið í Baden Baden sl. sumar. Á fundinum sögðu þær okkur frá ferðalagi þeirra og sýndu okkur myndir og greinilegt var að margt skemmtilegt hafði gerst og einnig voru þær margt fróðari eftir ýmsa fyrirlestra og verkstæðisvinnu. Að lokum var snæddur léttur hádegisverður sem Selfosskonurnar í deildinni sáu um.

Næsti fundur var í Þorlákshöfn eitt síðdegi í nóvember. Þar tók Ester Hjartardóttir, ein af Epsilonsystur, á móti okkur í sundlaug staðarins. Þar fórum við í vatnsleikfimi undir styrki stjórn hennar en hún er þrautþjálfuð í þessum fræðum og hefur kennt þessa leikfimi á þriðja áratug. Þarna busluðum við og reyndum eftir bestu getu að hlýða hennar fyrirmælum og allar vorum við hressar á eftir og þreyta eftir vinnu dagsins skolaðist af okkur þarna í lauginni. Eftir að hafa snætt kvöldverð á Ráðhúskaffinu var haldið í Grunnskóla Þorlákshafnar og hann skoðaður. Öll aðstaða þar er til fyrirmyndar og skólinn vel skipulagður.

Framundan er svo spennandi starf. Fyrsti fundur á nýju ári verður í janúar og þá ræðum við um þær jólabækur sem við höfum lesið og umræður eru alltaf líflegar á þessum bókafundum.

Í mars verður fundur um heilsutengt efni. Þá verður fyrirlestur um hugann og andlegu hliðina og í byrjun maímánaðar verður fjallað um fæðubótarefni og einnig er aðalfundur á dagskránni í mars.

Við höldum fundi til skiptis á fimmtudögum eftir að vinnu lýkur eða á laugardögum í kringum hádegi. Einnig reynum við að dreifa fundarstöðum um sýsluna til að jafna aksturinn.

Bolette Höeg Koch, formaður Epsilondeildar

## Hη Etadeild

Etadeild hefur undanfarin ár haft eftirfarandi markmið að leiðarljósi: *Að hafa forystu í faglegru umræðu, að efla innbyrðis tengsl deildarsystra og að auka samstarf við konur úr öðrum deildum.* Við höldum okkur við þá reglu að skipta deildarsysturum í hópa sem sjá um fundi á móti stjórninni. Þetta hefur gefist vel og eykur virkni og ábyrgð meðal þeirra sem ekki sitja í stjórn hverju sinni.

Fyrsti fundur deildarinnar þetta starfsár var haldinn á Grand hóteli 4. október. Etasystur höfðu verið hvattar til að sækja þau fjölmörgu áhugaverðu erindi í september sem voru framlag Menntavísindasviðs HÍ til hundrað ára afmælis skólans og nýttu konur sér það óspart. Á fundinum skiptust konur í hópa til að ræða það sem þeim hafði þótt athyglisvert. Auk þess var slegið á léttu strengi. Deltadeild á Vesturlandi bauð Etadeild til fundar 2. nóvember á Akranesi. Svo illa vildi til að það skall á slæmt veður og ekki komust allar á leiðarenda. En þær sem komust alla leið skemmtu sér konunglega og rómuðu mjög móttökur Deltasystra. Jólafundur verður haldinn í samfloti við Alfadeild og Þetadeild laugardaginn 3. desember í Þjóðmenningarhúsinu. Á tveimur fundum eftir áramót, 1. febrúar og 6. mars ætlum við að taka til umræðu námskrár fyrir leik- grunn- og framhaldsskóla en nú er sá hluti almenna kaflans, þar sem stefnumörkunin er sett fram, sameiginlegur fyrir skólastigin þrjú. Aðalfundur verður haldinn 16. apríl. Etadeild á 15 ára afmæli á þessu ári og það stendur til að við gerum okkur dagamun í tilefni af því.

Á nýju ári verða tvær nýjar konur teknar inn í deildina.

F.h. stjórnar

Auður Torfadóttir formaður

Aðrar í stjórn:

Anna Magnea Hreinsdóttir varaformaður

Kristín Helga Guðmundsdóttir vefstjóri/meðstjórnandi (í forföllum Kristínar Steinarsdóttur)

Ólöf Helga Þór gjaldkeri



## Þetadeild

Þetakonur þakka öllum þeim sem sóttu okkur heim s.l. vor þegar Landssambandsþing DKG á Íslandi var haldið í Reykjanessbæ. Það var ánægjulegt að taka á móti ykkur öllum og vonandi hafið þið haft bæði gagn og gaman af ferð ykkar á Suðurnesin.

Stjórn Þetadeildar skipa Guðbjörg M. Sveinsdóttir formaður, Inga María Ingvarsdóttir ritari og meðstjórnendur Bryndís Guðmundsdóttir og Brynja Aðalbergisdóttir. Gjaldkeri deildarinnar er Hulda Björk Þorkelsdóttir. Þegar þessi stjórn tók við var ákveðið að þema tímabilsins yrði lestur/læsi

í víðustu merkingu þessara orða. Þess vegna var haldið áfram að vinna með þetta þema haustið 2011. Stjórnin ákvað að hefja ekki vetrarstarfið fyrr en í október en hafa fundina frekar fleiri á vorönninni. Fyrsti fundur vetrarins var haldinn á Bókasafni Reykjanessbæjar í lok október. Þar kynnti Hulda Björk Þorkelsdóttir forstöðumaður safnsins verkefni sem unnin eru á safninu og hafa það að markmiði að efla og auka lestur og læsi. Verkefni eru margskonar og höfða

til alls aldurs fólks, allt frá leikskólabörnum til eldri borgara. Miklar umræður urðu meðal félagskvemma um hlutverk bókasafna, blómlegt starf bókasafns Reykjanessbæjar og eflingu læsis. Jólafundur verður haldinn sameiginlega með Alfadeild og Etadeild í Þjóðmenningarhúsinu þann 3.des. n.k. Sá fundur verður svo sannarlega í anda þema vetrarins þar sem kynntar verða nýjar bækur



*Hulda Björk, Elín Rut og Sóley Halla  
á fundi í Bókasafninu*

og sagt frá jólahaldi fyrri tíma.

Fyrsti fundur á nýju ári verður síðan í janúar og verður það okkar árlegi bókafundur. Þar segja konur frá áhugaverðum bókum sem þær hafa nýlega lesið. Í febrúar, mars og apríl verður síðan kynning á listalæsi, tónlistarlæsi og talnalæsi. Síðasti fundur er áætlaður í maí og þá er stefnan tekin á höfuðborgina þar sem farið verður í bókmenntagöngu.

Bestu kveðjur til ykkar allra

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður Þetadeildar



*Inga María, Bjarnfríður og fleiri Þetakonur á fundi á Bókasafninu*



## Mj Mýdeild

Starfið í okkar nýju Mýdeild hefur farið vel af stað. Við höldum einn fund í vor og höfum haldið tvo fundi það sem af er vetri. Framundan er nú jólafundur sem við höldum með Betadeild. Hlökkum við í Mýdeild til að kynna Betakonum og glöddumst yfir boði þeirra um sameiginlegan jólafund.

Við ákváðum að mikilvægasta verkefni á okkar fyrsta starfsári væri að við Mý-systur kynntumst hver annari og að í okkar hópi myndast samkennd og vinskapur. Því höfum við ákveðið að ein kona segi svoltið frá sér og sínu lífi á hverjum fundi og köllum þann lið Sögukafli af sjálfri mér en jafnframt höfum við einnig liðinn Orð til umhugsunar eins og venja er í Delta Kappa Gamma. Í vetur munum við því leita þó nokkuð í smíðju kvenna í deildinni en margar okkar eru að fást við spennandi verkefni sem gaman er að heyra af, hafa t.d. lokið námi eða ferðast til framandi landa. Við munum þó líka leita út fyrir okkar raðir að fróðleik og sem dæmi um það má nefna að á fund til okkar kom í haust Svanfríður Jónasdóttir og sagði okkur frá Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Var virkilega gaman og gagnlegt að ræða þetta mikilvæga mál sem snertir okkur öll og verður líklega mikið í opinberri umræðu í vetur.

Í vetur munum við einnig kynna okkur starfsemi Delta Kappa Gamma samtakanna og ræða markvisst markmið og stefnu samtakanna.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn á Amtsbókasafninu hér á Akureyri og sá næsti á Dalvík. Vorfundurinn verður svo á Húsavík en konur í Mýdeild koma af svæði sem nær frá Húsavík í austri til Dalvíkur í norðri.



*Inntaka félaga í Mýdeild*

Jenný Gunnbjörnsdóttir, formaður

## Minning

Dr. Sigríður Valgeirsdóttir var ein af stofnfélagum Delta-Kappa-Gamma á Íslandiárið 1975. Það voru 18 skörungskonur á sviði mennta- og menningarmála sem stofnuðu fyrstu deildina, Alfadeild. Guðrún Pálína Helgadóttir þáverandi skólastjóri Kvennaskólans í Reykjavík kallaði þær til liðs við sig, eftir að Marie Pierce útbreiðslufulltrúi alþjóðasamtakanna hafði sent henni bréf og óskað eftir að hér á landi yrði stofnuð deild. Delta-Kappa-Gamma eru alþjóðasamtök kvenna í fræðslu- og menningarstörfum sem eiga rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna. Nú 36 árum síðar eru



félagskonur orðnar rúmlega 300 í 13 deildum víðs vegar um landið. Sigríði hefur ætíð verið mjög annt um samtökin og lagði á sig mikla og ómælda vinnu í þeirra þágu bæði á Íslandi sem og beggja vegna Atlantsála.

Sigríður gegndi forsetastarfi landssambandsins 1989 – 1991 og barðist þá af metnaði fyrir einsettum skóla, læsi og samvinnu skóla og foreldra. Hún efldi tengsl og lagði mikla áherslu á alþjóðasamstarf milli Evrópu og Bandaríkjanna og var hún meðal annars kjörin fulltrúi Evrópu í alþjóðastjórn Delta Kappa Gamma 1990. Í því starfi ferðaðist hún mikið, tók þátt í fundum og þingum og var verðugur fulltrúi okkar þar.

Sigríður starfaði alla tíð í stofndeildinni, Alfadeild. Það voru ekki margir fundirnir sem hana vantaði og alltaf var hún jafn áhugasöm og tilbúin til þátttöku og aðstoðar, annað var ekki inni í myndinni. Hún hafði brennandi áhuga á þeim viðfangsefnum sem tekin voru fyrir hverju sinni og var óspör að láta það í ljós. Við sem höfum gegnt formennsku í deildinni höfum gjarnan getað leitað til hennar, er eitthvað hefur verið óljóst og hún kunní ávallt svör við öllu, enda þaullesin í alþjóðalögunum og hafði snarað þeim yfir á íslensku í hjáverkum. Við munum sárlega sakna þess að hafa hana ekki með okkur á fundum, og að geta ekki lengur flett upp í hennar alfræði umDKG.

Á landssambandsþingi samtakanna í Reykjanesbæ í vor var Sigríður gerð að heiðursfélaga. Þeim hátíðarkvöldverði lauk með því að Sigríður, létt á fæti, stökk út á dansgólfið og stýrði og kenndi félagskonum færeyskan dans við lagið Sigi var úti. Henni líkaði ekki alls kostar við fyrstu tilraun, fannst

dansinn eitthvað þunglamalegur hjá konum og dreif svona aðeins meira trukki í næstu tilraun og það gekk "betur", sagði hún.

Einkunnarorð samtakanna á Íslandi næstu tvö árin eru "Frá orðum til athafna" og eru þau orð lýsandi fyrir störf Sigríðar innan DKG. Athafnakonunni Sigríði Valgeirsdóttur sem aldrei lét sitja við orðin tóm þökkum við farsælt og óeigingjarnt starf í þágu Delta-Kappa-Gamma.



Við vottum Ingólfi, Dagmar Völu og Sigríði og fjölskyldum þeirra innilega samúð.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir,

forseti landssambands Delta Kappa Gamma

Marta Guðjónsdóttir,  
Formaður Alfa deildar



**Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma**  
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla  
að auknum fræðilegum og persónulegum  
þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í  
menntun og uppeldisstörfum



Heimasíðan okkar er :

<http://dkg.muna.is>